

umsk

Pinggerå 2002 – 78. Årsring UMSK



77. ársþing UMSK

haldið í golfskálanum Seltjarnarnesi

14. febrúar 2002

1. Þingsetning

Valdimar L. Friðriksson formaður UMSK setti þingið og bauð gesti og fulltrúa velkomna til þingsins. Að því búnu minntist hann látins félaga, Pálma Gíslasonar f.v. formanns UMFÍ sem lést af slysförum á árinu. Valdimar bað viðstadda um að rísa úr sætum og minnst hans.

Í ávarpi sínu minntist Valdimar á að nú væri í garð gengið 80 ára afmælisár sambandsins og greindi einnig frá stórafmælum sambandsaðilia. Hann ræddi þá um Landsmót UMFÍ sem fram fór á Egilsstöðum sumarið 2001 og þann góða árangur sem hlaut þar, þó svo herlsumuninn hefði vantað í að vinna heildarstigakeppni mótsins. Þá sagði hann frá því að stjórn UMSK hefði sótt um að halda næsta landsmót UMFÍ í Kópavogi og að sambandið hefði stuðning bæjaryfirvalda í Kópavogi við þá umsókn.

Sambandsþing UMFÍ var haldið í Stykkishólmi í október s.l. og var þar samþykkt viðamikil tillaga um skipulagsmál og inngöngu íþróttabandalaganna í UMFÍ. Á þinginu var Björn B. Jónsson kjörinn nýr formaður UMFÍ en Þórir Jónsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs, Anna Möller úr Stjórnunni endurkjörin í stjórn UMFÍ og Svanur M. Gestsson kjörinn í varastjórn.

Valdimar greindi því næst frá Unglingalandsmóti UMFÍ sem fram fer í Stykkishólmi um verlsunarmannahelgina og hvatti aðildarfélögin til þátttöku í því.

Þá gerði Valdimar styrki til íþróttahreyfingarinnar að umtalsefni og sagði að þó töluverð aukning væri í opinberum styrkjum þá væri enn langt í land með að opinberir styrkir til íþróttamála væru viðunandi.

Að lokum þakkaði Valdimar forsvarsmönnum aðildarfélaga, stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf og óskaði öllum velfarnaðar.

Gestir þingsins voru Ellert B. Schram forseti ÍSÍ, Björn B. Jónsson formaður UMFÍ, Stefán Konráðsson framkvæmdastjóri ÍSÍ, Sæmundur Runólfsson framkvæmdastjóri UMFÍ, Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri á Seltjarnarnesi og Jóhann Haukur Björnsson framkvæmdastjóri Unglingalandsmóts UMFÍ.

2. Kosning fyrsta og annars þingforseta

Formaður bar upp tillögu um Sverri Einarsson sem fyrsta þingforseta og Hafstein Pálsson sem annan þingforseta.

Tillagan var samþykkt með lófataki

Sverrir Einarsson tók nú við stjórn þingsins og byrjaði á að þakka það traust sem honum var sýnt og kvaðst því næst hafa kynnt sér boðun þingsin og hefði ekkert við hana að athuga og lýsti því þingið lögmætt.

3. Kosning þingritara

Sverrir bar upp tillögu um Heimir Sindrason og Sævar Kristjánsson sem þingritara.

Tillagan var samþykkt með lófataki

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þingforseti bar upp tillögu um að Óttar B. Ellingsen úr Stjórnunni, Steinar Einarsson frá SFK og Önnu Þóra Stefánsdóttir úr Aftureldingu sætu í kjörbréfanefnd.

Tillagan var samþykkt samhljóða

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa

5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Valdimar Leó Friðriksson formaður UMSK renndi í gegn um skýrsluna sem dreift hafði verið til fulltrúa. Hann gerði grein fyrir helstu liðum skýrslunnar.

6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Endurskoðir reikningar lágu fyrir í skýrslu stjórnar og gerði Birgir Ari Hilmarsson framkvæmdastjóri UMSK grein fyrir þeim.

7. Ávörp gesta

Fyrstur tók til máls Ellert B. Schram forseti ÍSÍ. Hann sagðist vera meðlimur í NK og því meðlimur innan UMSK. Hann ræddi um málefni ÍSÍ og UMFÍ og sagði að samkvæmt þingsamþykkt síðasta ÍSÍ þings væru þessi mál enn til umræðu. Hann kvaðst vonast til þess að sú umræða mundi enda með sameiningu.

Ellert sagði hlýja vinda blása um íþróttamálin og nefndi þar sérstaklega árangur handknattleikslandsliðsins. Þá kom hann inn á mannvirkjamálin og fagnaði góðri uppbyggingu íþróttamannvirkja. Ellert lauk svo máli sínu með því að óska UMSK velfarnaðar á komandi starfsári.

Sigurgeir Sigurðsson bæjarstjóri tók næstur til máls. Hann bauð fulltrúa velkomna á Seltjarnarnes og tilkynnti að bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar mundi bjóða fulltrúum til kvöldverðar í þinghléi. Þá óskaði UMSK gæfur og lýsti ánægju sinni með hve fjárhagur sambandsins hefur batnað.

Jóhann Haukur Björnsson fékk orðið næstur og notaði tækifærið til að kynna Unglingalandsmótið sem haldið verður í Stykkishólmi um verslunarmannahelgina. Að lokinni stuttri kynningu hvatti hann fundarmenn til að koma upplýsingum áfram innan síns félags.

8. Álit kjörbréfanefndar

Óttar B. Ellingsen formaður kjörbréfanefndar bar upp álit nefndarinnar. Kjörbréf bárust frá 14 félögum af 27 sem áttu rétt til setu á þinginu og voru mættir 45 fulltrúar.

Breiðablik

Magnús Árni Magnússon
Olga Líska Garðarsdóttir
Hannes Hauksson
Einar Pétursson
Ester Jónsdóttir

Stjarnan

Lárus Blöndal
Snorri Olsen
Anna Möller
Óttar B. Ellingsen
Magnús Andrésson

Ýmir

Sigurður Jón Ragnarsson
Margrét Björnsdóttir
Egill Sveinsson

Gustur

Sævar Kristjánsson

Afturelding

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir
Hlynur Guðmundsson
Guðrún Markúsdóttir
Lárus E. Eiríksson
Helga Einarsdóttir
Valdimar L. Friðriksson
Anna Þóra Stefánsdóttir
Svanur M. Gestsson
Hafsteinn Pálsson

Hörður

Þórhildur Þórhallsdóttir
Haukur Þorvaldsson
Marteinn Magnússon
Einar Ragnarsson

Kjölur

Skúli Skúlason
Ásgeir Elíasson

Gerpla

Pálmar Sigurgeirsson
Kristján Erlendsson
Ólafur Kristjánsson

Gróttá

Daníel R. Ingólfsson
Hildur Jóhannesdóttir

HK

Þorsteinn Einarsson
Ómar Stefánsson
Ólafur Briem

Hvönn

Friðrik Björnsson
Halla Káradóttir
Elín Ragnarsdóttir
Ísak Halldórsson

NK

Jón Ásgeir Eyjólfsson
Geirarður Geirarðsson
Árni Halldórsson

SFK

Steinar Einarsson

DÍK

Kjartan Haraldsson

Ofangreind kjörbréf voru samþykkt samhljóða, þó var kjörbréf DÍK samþykkt með fyrirvara um að aðild félagsins verði staðfest í 9. dagskrárlið.

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

Valdimar L. Friðriksson formaður UMSK bar upp tillögu um að staðfest verði aðild Dansíþróttafélags Kópavogs DÍK að sambandinu. Félagið var stofnað 1. desember árið 2000. Stjórn UMSK veitti félaginu aðild á vormánuðum 2001 og hefur félagið tekið þátt í mótum á vegum Dansíþróttasambands Íslands síðan þá.

Aðild félagsins var staðfest með öllum greiddum atkvæðum

10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir kom með fyrirspurn vegna reikninga, Birgir Ari Hilmarsson framkvæmdastjóri svarað fyrirspurninni

Hlynur Guðmundsson bar fram spurningu vegna veltufjármuna.

Anna Möller benti á að í upptalningu á þeim greinum sem UMSK tók þátt í á landsmóti vantaði fimleika en þar hefði unnist sigur.

Olga Lís Garðarsdóttir bætti því við að einnig hefði unnist sigur í knattspyrnu kvenna.

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir kvaddi sér aftur hljóðs og vildi fá útskýringu á því hvers vegna ýmsar skuldir hefðu aukist um á fimmta hundrað þúsund á milli ára.

Birgir svaraði fyrirspurnum Ingibjargar og sagði aukninguna liggja í styrkjum sem hefðu verið ógreiddir um áramót, þá baðst hann afsökunar á því að upplýsingar um

árangur í fimleikum og knattspyrnu kvenna hefðu fallið úr skýrslunni og það fundarmenn um að færa það inn hjá sér.

11. Atkvæðagreiðsla um reikninga

Reikningar voru bornir upp til atkvæða

Samþykktir samhljóða

Þinghlé

Nú var gert hlé á þingstörfum og fulltrúum boðið til kvöldverðar í boðið bæjarstjórnar Seltjarnarness.

Valdimar L. Friðriksson notaði tækifærið og veitti afreksmönnum á sviði íþrótta- og félagsmála viðurkenningar.

Eftirtaldir viðurkenningar voru veittar:

Félagsmálaskjöldur UMSK:

Lárus Rafn Blöndal Stjórnunni

Afreksbikar UMSK:

Helga Dögg Helgadóttir og
Ísak Halldórsson Hvönn

UMFÍ bikarinn:

Meistarfl. kv. í knattspyrnu Breiðablik

Frjálsíþróttabikar UMSK:

Jón Arnar Magnússon Breiðablik

Sundbikar UMSK:

Arnar Felix Einarsson Breiðablik

Fimleikabikar UMSK:

Viktor Kristmannsson Gerplu

Heiðursviðurkenning UMSK:

Sigurgeir Sigurðsson, bæjarstjóri Seltjarnarnesbæjar

Starfsmerki:

Marteinn Magnússon	Herði
Hlynur Guðmundsson	Aftureldingu
Pálmar Sigurgeirsson	Gerplu
Baldur Þór Gunnarsson	NK
Kristján Georgsson	NK
Leifur Gíslason	NK

Silfurmerki:

Garðar Guðmundsson	Gróttu
Jón Ásgeir Eyjólfsson	NK

12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu

Þingforseti bar upp tillögu þess efnis að ekki verði skipað í aðrar nefndir en kjörnefnd og málefni þingsins verði rædd í einni málstofu.

Tillagan samþykkt samhljóða

Þá var borin upp tillaga um að eftirtaldir skipuðu kjörnefnd:

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir	Aftureldingu
Lárus Blöndal	Stjórnunni
Magnús Árni Magnússon	Breiðablik

Tillagan samþykkt samhljóða og tók kjörnefnd þegar til starfa

13. Fjárhagsáætlun lögð fram

Albert H.N. Valdimarsson gjaldkeri UMSK flutti fjárhagsáætlun fyrir árið 2002 sem var á þingskjali nr. 1

Fjárhagsáætlun 2002**Rekstrartekjur:**

Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	1.000.000
Lottó UMFÍ og ÍSÍ	15.000.000
Skattar aðildarfélaga	850.000
Getraunir	1.000.000
Tjaldleiga	200.000
Aðrar tekjur	450.000

Alls 18.500.000

Rekstrargjöld:

Skrifstofa og rekstur	4.000.000
Þing og sérráð	500.000
Lottó til aðildarfélaga	11.500.000
Afreksmannasjóður	1.275.000
Skattur til UMFÍ	300.000
Gjafir og viðurkenningar	125.000
Kostn. v/ héraðsmóta	300.000
Afskriftir	150.000
Unglingalandsmót	350.000

Alls 18.500.000

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða

14. Laga og reglugerðarbreytingar

Engin laga eða reglugerðarbreyting lá fyrir þinginu.

15. Aðrar tillögur lagðar fram

Hafsteinn Pálsson annar þingforseti bar því næst upp aðrar tillögur frá stjórn sem dreift hafði verið með þinggögnum, opnaði umræður og bar því næst undir atkvæði.

Þingskjal nr. 2

78. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambandssvæðinu. Jafnframt hvetur þingið sveitarstjórnir til að gera raunhæfa rekstrarsamninga við félögin.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 3

78. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 50 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 20 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 4

78. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 5

78. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennrar þátttöku í 5. Unglingalandsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Stykkishólmi 2. – 4. ágúst n.k.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 6

78. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að leitast við að ráða einungis þjálfara til starfa sem hafa sótt námskeið á vegum íþróttahreyfingarinnar.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 7

78. Ársþing UMSK... styður ákvörðun formannafundar þar sem stjórn UMSK var falið að sækja um að halda 24. Landsmót UMFÍ í Kópavogi.

Samþykkt samhljóða

Þingskjal nr. 8

78. ársþing UMSK... fer þess á leit við Fjármálaráðherra að tekjuskattur á launagreiðslur til menntaðra íþróttþjálfara verði lækkaður úr 38% í 10%

Samþykkt að vísa til formannafundar

16. nefndarstörf

Dagskrárliður fellur niður vegna dagskrártillögu

17. Afgreiðsla á álitni nefnda

Dagskrárliður fellur niður vegna dagskrártillögu

18. Önnur mál

Björn B. Jónsson formaður UMFÍ hvað sér hljóðs undir þessum lið þar sem hann var ekki mættur þegar ávörp gesta voru. Björn lýsti ánægju sinn með að vera kominn á þing UMSK en það hafði hann aldrei setið áður. Hann lýsti í stuttu máli þeim verkefnum sem UMFÍ er að vinna að um þessar mundir og rakti síðan helstu áherslur sínar í starfi formanns UMFÍ. Að lokum þakkaði Björn fyrir boðið og óskaði þinginu og sambandinu velfarnaðar.

19. Kosningar

Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir formaður kjörnefndar kynnti niðurstöður nefndarinnar um kjör í stjórn. Engin mótframboð bárust og voru því eftirtaldir rétt kjörnir:

Formaður til eins árs:

Valdimar Leó Friðriksson Aftureldingu

Stjórnarmenn til tveggja ára:

Sævar Kristjánsson Gusti
Einar Jóhannsson NK

Varastjórn til eins árs:

Jónas Fjelsted Gróttu
Guðrún Haraldsdóttir Ými
Svanur M. Gestsson Aftureldingu

Þá voru bornir upp tillögu um skoðunarmenn reikningar og voru þeir einnig kjörnir án mótframboða.

Skoðunarmenn reikninga:

Gunnar Páll Pálsson GKJ
Kristján Sveinbjörnsson UMFB

Fulltrúar á ÍSÍ þing:

Samþykkt var að vísa vali fulltrúa á ÍSÍ þing til stjórnar

20. Þingslit

Valdimar L. Friðriksson formaður UMSK þakkaði það traust sem honum var sýnt með endurkjöri. Hann þakkaði starfsmönnum þingsins fyrir góð störf og þingfulltrúum og gestum fyrir góða fundarsetu. Að lokum þakkaði hann gestgjöfum þingsins fyrir góða umgjörð og sleit þingi.

Tillögur samþykktar á 78. ársþingi UMSK

Þingskjal nr. 1

Fjárhagsáætlun 2002

Rekstrartekjur:	
Útbreiðslustyrkur ÍSí	1.000.000
Lottó UMFÍ og ÍSí	15.000.000
Skattar aðildarfélaga	850.000
Getraunir	1.000.000
Tjaldleiga	200.000
Aðrar tekjur	450.000
Alls	18.500.000

Rekstrargjöld:	
Skrifstofa og rekstur	4.000.000
Þing og sérráð	500.000
Lottó til aðildarfélaga	11.500.000
Afreksmannasjóður	1.275.000
Skattur til UMFÍ	300.000
Gjafir og viðurkenningar	125.000
Kostn. v/ héraðsmóta	300.000
Afskriftir	150.000
Unglingalandsmót	350.000
Alls	18.500.000

Þingskjal nr. 2

78. Ársþing UMSK... þakkar sveitarstjórnarmönnum fyrir uppbyggingu íþróttamannvirkja á sambands svæðinu. Jafnframt hvetur þingið sveitarstjórnir til að gera raunhæfa rekstrarsamninga við félögin.

Þingskjal nr. 3

78. Ársþing UMSK... samþykkir að skattar aðildarfélaganna verði kr. 50 á félagsmenn 16 ára og eldri og kr. 20 á félagsmenn yngri en 16 ára.

Þingskjal nr. 4

78. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til þess að sýna ábyrgð í fjármálum og standa skil á opinberum gjöldum í samræmi við lög og reglur.

Þingskjal nr. 5

78. Ársþing UMSK... hvetur félagsmenn til almennrar þátttöku í 5. Unglingalandsmóti UMFÍ, sem haldið verður í Stykkishólmi 2. – 4. ágúst n.k.

Þingskjal nr. 6

78. Ársþing UMSK... hvetur aðildarfélögin til að leitast við að ráða einungis þjálfara til starfa sem hafa sótt námskeið á vegum íþróttahreyfingarinnar.

Þingskjal nr. 7

78. Ársþing UMSK... styður ákvörðun formannafundar þar sem stjórn UMSK var falið að sækja um að halda 24. Landsmót UMFÍ í Kópavogi.

Lög Ungmennasambands Kjalarnesþings

1. gr. Heiti og sambandssvæði

Sambandið heitir Ungmennasamband Kjalarnesþings, skammstafað UMSK. Sambandssvæðið er Garðabær, Kjósarsýsla, Kópavogsskaupstaður, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður.

2. gr. Réttur til aðildar

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna- og íþróttafélög sem koma til með að vera starfandi á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands og starfa í anda þeirra.

3. gr. Umsókn um aðild

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar UMSK ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn. Félagið öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna er staðfestast skal á héraðsþingi.

4. gr. Héraðsþing

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í febrúar ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögunum. Viðkomandi félag ber allan kostnað af þinghaldinu, annan en ferðakostnað þingfulltrúa. Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þing skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

5. gr. Hlutverk héraðsþings

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða þær nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins. Ársskýrslu og skattinn skulu sambandsfélögin senda fyrir 1. apríl ár hvert.

6. gr. Fulltrúar á héraðsþingi

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 100 eða færri og einn fyrir 50 umfram síðasta hundrað gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmeitt, ef löglega er til þess boðað.

7. gr. Réttur til þingsetu

Á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar og sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a. Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ
- b. Íþróttfulltrúi ríkisins.
- c. Skoðunarmenn reikninga
- d. Meðlimir fastanefnda.
- e. Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf.

8. gr. Dagskrá héraðsþings

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili UMSK, eru þessi:

1. Þingsetning.
2. Kosning fyrsta og annars þingforseta.
3. Kosning fyrsta og annars þingritara.
4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
5. Skýrsla stjórnar lögð fram.
6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
7. Ávörp gesta.
8. Álit kjörbréfanefndar.
9. Staðfesting á aðild nýrra félaga.
10. Umræður um skýrslu stjórnar.
11. Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga
12. Skipað í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd.
13. Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lögð fram.
14. Laga- og reglugerðarbreytingar lagðar fram.
15. Aðrar tillögur lagðar fram.
16. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
17. Afgreiðsla á álitum nefnda.
18. Önnur mál.
19. Kosningar, kjörnefnd skilar álitum.
 - a. Kosning formanns.
 - b. Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - c. Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - d. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara
 - e. Kosning til Íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem Íþróttþing er haldið.
20. Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

9. gr. Aukaþing

Aukaþing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukapingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukapingi má ekki gera laga- eða reglugerðarbreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

10. gr. Stjórn

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjá menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveða þætti starfsins, telji hún þess þörf.

Skylt er stjórninni að halda fund með formönnum aðildarfélaganna UMSK í september eða október ár hvert.

11. gr. Hlutverk stjórnar

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórnin skal setja reglur um allar ferðir á vegum sambandsins.

13. gr. Lagabreytingar

Tillögur til lagabreytingar skal leggja fram í upphafi þings og sé þeim síðan vísað til laganefndar sem skal vera ein af fastanefndum þingsins. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

14. gr. Atkvæðamagn við lagabreytingar

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða á héraðsþingi.

15. gr. Gildistaka

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eldri lög sambandsins. Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

Dagsetningar:

- | | |
|-------------------------------------|------------|
| a) Samþykkt héraðsþings UMSK: | 2001-02-08 |
| b) Samþykkt af framkvæmdastjórn ÍSÍ | 2002-05-02 |

Reglugerð um heiðursviðurkenningar UMSK

1. gr. Inngangur

UMSK veitir við sérstök tækifæri einstaklingum eða félögum heiðursviðurkenningar fyrir mikil og góð störf fyrir sambandið. Jafnframt eru árlega veittar viðurkenningar fyrir góðan árangur í íþróttum.

2. gr. Viðurkenningar

1. **Starfsmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa af trúnaði mikil og góð störf fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

2. **Silfurmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa í langan tíma fyrir sambandið eða aðildarfélögin.

3. **Gullmerki UMSK** skal veita þeim einstaklingum sem unnið hafa innan UMSK í langan tíma og gert stórt átak í félagsstörfum innan UMSK.

4. **Heiðursviðurkenning UMSK**, skjöldur, skal veittur þeim, sem ekki eru félagar í UMSK en styrkt hafa eða aðstoðað UMSK og /eða aðildarfélög verulega.

5. **Félagsmálaskjöldur UMSK**, gefinn af Axeli Jónssyni og konu hans Guðrúnu Gísladóttur, skal veittur árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í félagsstörfum á liðnum árum.

6. **Afreksbikar UMSK** skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

7. **UMFÍ-bikarinn** skal veita árlega á ársþingi UMSK til hóps sem skarað hefur fram úr í íþróttum á liðnu ári.

8. **Frjálsíþróttabikar UMSK**, gefinn af Dóru Gunnarsdóttur, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í frjálsíþróttum á liðnu ári.

9. **Sundbikar UMSK**, gefinn af Sundlaug Kópavogs, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í sundi á liðnu ári.

10. **Fimleikabikar UMSK**, gefinn af Ingvari Árnasyni, skal veita árlega á ársþingi UMSK til einstaklings eða hóps sem skarað hefur fram úr í fimleikum á liðnu ári

Reglugerð um sérnefndir UMSK

1. gr. Aðild

Sérnefnd er samstarfsnefnd þeirra sambandsaðila UMSK sem hafa iðkendur innan ákveðinnar íþróttagreinar.

2. gr. Stofnun

Sérnefnd skal því aðeins stofnuð að fleiri en einn sambandsaðili innan UMSK eigi iðkendur innan viðkomandi íþróttagreinar. Stofnun sérnefndar skal staðfest á ársþingi UMSK og skulu þær síðan skráðar í síðustu grein reglugerðarinnar.

3. gr. Skipun

Sérnefnd skulu skipa einn frá hverjum sambandsaðila þ.e. fulltrúi skipaður af stjórn félagsdeildar íþróttagreinarinnar þar sem um deildaskiptingu er að ræða en annars fulltrúi skipaður af aðalstjórn sambandsaðilans.

4. gr. Verkaskipting

Sérnefndir skulu kjósa sér formann og ritara.

5. gr. Verkefni

Sérnefnd fjallar um sérfræðileg málefni sinnar íþróttagreinar. Hún er fulltrúi síns sérsambands innan UMSK og kemur fram á sviði íþróttagreinar sinnar gagnvart aðilum utan héraðs í samráði við stjórn UMSK. Um önnur mál er hún háð UMSK. Meðal verkefna hennar eru ákvarðanir um héraðsmót og skipulagningu þeirra. Sérnefnd skal halda yfirlit um starf sitt og skal auk fundargerðar skila skýrslu til stjórnar UMSK í lok hvers árs.

6. gr. Fjármál

Sérnefndum er óheimilt að stofna til fjárskuldbindinga í sínu nafni eða nafni UMSK.

7. gr. Yfirlit um sérnefndir

Eftirfarandi sérnefndir hafa verið stofnaðar innan UMSK:

- Blaknefnd UMSK
- Fimleikanefnd UMSK
- Frjálsíþróttanefnd UMSK
- Golfnefnd UMSK
- Handknattleiksnefnd UMSK
- Hestaíþróttanefnd UMSK
- Knattspyrnunefnd UMSK

Reglugerð um skólahlaup UMSK

Þátttökuréttur

Allir nemendur í grunnskólum á sambandssvæðinu sem eru í 4., 5., 6., 7., 8., 9. eða 10. bekk eiga keppnisrétt í Skólahlaupi UMSK.

Hver skóli má senda ótakmarkaðan fjölda keppenda í hverjum aldursflokki. Keppt skal í bæði einstaklings- og sveitakeppni pilta og stúlkna. Sex skipa hverja sveit og er heimilt að senda fleiri en eina sveit. Í stigakeppni sveita teljast einungis þeir skólar sem senda fullskipaða sveit og eru sex fyrstu frá viðkomandi skóla í sveit A, næstu sex í sveit B o.s.frv.

Hlaupið skal að jafnaði fara fram í september, október og haldið á viðurkenndum frjálsíþróttavelli.

Vegalengdir

4. bekkur 400 metrar
5. bekkur 400 metrar
6. bekkur 800 metrar
7. bekkur 800 metrar
8. bekkur 800 metrar
9. bekkur 1500 metrar
10. bekkur 1500 metrar

Stigagjöf

Veitt skulu stig eftir röð keppenda í mark, eins og tíðkast í útreikningum við víðavangshlaup. Þ.e.a.s. að sá fyrsti fær eitt stig, annar tvö, þriðji þrjú o.s.frv. Einungis skulu veitt stig til þeirra sem eru með sveitir. Sú sveit sem hefur fæst stig telst sigurvegari.

Verðlaun

Veitt skulu einstaklingsverðlaun til þriggja fyrstu í hverjum árgangi, bæði pilta og stúlkna. Þá skulu veitt sérverðlaun fyrir sigur í sveitakeppni í hverjum árgangi, þ.e.a.s. samanlagður árangur pilta og stúlkna.

Þá skulu veitt sérverðlaun þeim skóla sem er með bestu þátttökuna í skólahlaupinu í hlutfalli við nemendafjölda í þessum árgöngum. Allir hljóta viðurkenningu fyrir þátttökuna.

Stjórn UMSK eins og hún er nú skipuð

Formaður	Valdimar L. Friðriksson	Aftureldingu
Varaf.	Ester Jónsdóttir	Breiðablik
Ritari	Sævar Kristjánsson	Gusti
Gjaldkeri	Albert H.N. Valdimarsson	HK
Meðstj.	Einar Jóhannsson	NK
Varastjórn	Jónas Már Fjelsted	Gróttu
	Guðrún Haraldsdóttir	Ými
	Svanur M. Gestsson	Aftureldingu

